

Kynjaskekkja í stjórnmálum

Breytingar og áhrifapættir

Þorgerður Einarsdóttir, dósent við
stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Guðbjörg Lilja Hjartardóttir,
stjórnmálafræðingur og doktorsnemi
í kynjafræði við Háskóla Íslands

1. tbl. 5. árg. 2009
Fræðigreinar



Útdráttur

Í greininni er fjallað um kynjaskekkju í stjórnmálum með sérstakri áherslu á blutfall kvenna og karla á þjóðþingum. Kynntar eru helstu skýringar fræðimanna á ástæðum fyrir lágu blutfalli kvenna sem kjörinna fulltrúa. Umfjöllunin sýnir að staða kvenna í stjórnmálakerfinu tengist margvíslegum þáttum en þrír meginflokkar ástæðna eru taldir mikilvægastir; félagslegar og efnabagslegar ástæður, ástæður í sjálfu pólitíska kerfinu og menningarlegar ástæður. Þessir þættir eiga í flóknu innbyrðis samspili og tengsl milli þátta eru sjaldan einblít. Í greininni er fjallað um nokkrar helstu fjölþjóðlegu kannanirnar á þessu sviði og Ísland skoðað með blíðsjón af þeim. Ljósi er varpað á þá þætti sem hafa áhrif til breytinga, hverjir eru líklegir til að eiga sérstaklega við um Ísland og hvernig má skilja sérstöðu Íslands í norrænu og alþjóðlegu sambengi. Í greininni eru færð rök fyrir því að sterk staða hægri sjónarmiða og einstaklingsbyggju eigi þátt í því að þróunin héraendis hefur verið hægari en í ríkjum binna Norðurlandanna. Þessi sjónarmið tengjast bæði pólitíska kerfinu og pólitískri hugmyndafræði sem og menningarlegum þáttum á borð við hugmyndir um samfélagsleg blutverk kynjanna. Fjölgun kvenna á þingi voruð 2009 eftir kerfisbrun og ákall um uppgjör við tímabil róttækrar frjálshbyggju renna stöðum undir þetta. Þá eru í greininni færð rök fyrir því að kvennabreyfingin á Íslandi hafi haft mikil áhrif á blut kvenna í stjórnmálum, en kvennabreyfingin hefur tengst stjórnmálunum sterkum böndum og hafi áhrif á aðra flokka.

Inngangur

Forskot karla í stjórnmálum á sér langa sögu. Þeir hafa skapað umgjörð stjórnmálanna, þær hefðir og venjur sem þar gilda. Í upphafi 20. aldarinnar voru konur víðast hvar útilokaðar frá þátttöku í stjórnmálum og fram eftir öldinni áttu karlar hið pólitíska svið. Staða kvenna nú er misjöfn eftir heimshlutum, allt frá Arabalöndunum þar sem hlutfall kvenna á þingi var 10% voruð 2009, til Norðurlanda með 41%, en heimsmeðaltalið er um 19% (Inter-Parliamentary Union 2009). Þróunin annars staðar á Norðurlöndum í þessum efnum hefur verið hægfare en stöðug. Hér á landi var þróunin seinni en í öðrum norrænum ríkjum, auk þess sem hún átti sér stað í stökkum; fyrst árið 1983 þegar hlutur kvenna á Alþingi hækkaði úr 5% í 15% og næst árið 1999 þegar hann jókst úr 25% í 35%. Annars staðar á Norðurlöndum var 30% múrinn rofinn á tímabilinu 1983-1988 en á Íslandi náðist 30% markið ekki fyrr en 1999 (Freidenvall o.fl. 2005, 58). Þriðja stökkið á Íslandi var árið 2009 þegar hlutur kvenna á Alþingi fór úr 32% í 43%. Sú aukning varð eftir kerfisbrun þar sem hugmyndakerfi frjálshbyggju beið alvarlegt skipbrot. Ljóst er af þessu að þróunin héraendis er stílbrot í norrænu samhengi. Þetta gefur tilefni til að skoða kynjahlutföll í stjórnmálum á Ísland í ljósi fræðilegra nálgana og rannsóknargagna frá öðrum löndum. Hér á eftir verða kynntar helstu skýringar fræðanna á ástæðum fyrir lágu hlutfalli kvenna sem kjörinna fulltrúa. Leitast er við að varpa ljósi á þá þætti sem hafa áhrif til breytinga, hverjir eru líklegir til að eiga sérstaklega við um Ísland og hvernig má skilja sérstöðu Íslands í norrænu samhengi.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Það var fyrst árið 2009 sem kynjahlutfall meðal þingmanna á Íslandi og í ríkisstjórn varð sambærilegt við hlutfallið annars staðar á Norðurlöndum. Í minnihlutaríkisstjórn Samfylkingar og Vinstri grænna sem tók við völdum á Íslandi í febrúar 2009 eftir búsaðaldabyltinguna svokölluðu voru konur helmingur ráðherra, sem þá voru tíu. Eftir kosningarnar í apríl 2009 fjölgaði ráðherrum um tvo, báðir voru karlar og þar með lækkaði hlutur kvenráðherra niður í 42% þótt hlutfall kvenna á þingi hafi hækkað umtalsvert. Þegar Jóhanna Sigurðardóttir varð forsætisráðherra í febrúar 2009 höfðu einungis tvær konur gegnt embætti forsætisráðherra á Norðurlöndunum, Gro Harlem Brundtland, sem var forsætisráðherra Noregs í um áratug samanlagt á árunum 1981-1996, og Anneli Jäätteenmäki, sem var forsætisráðherra Finnlands í tvo mánuði árið 2003. Á mynd 1 má sjá hlutfall kvenna á þjóðþingum og í ríkisstjórnnum Norðurlandanna vorið 2009. Hlutfall kvenna á þingi var hæst í Svíþjóð og lægst í Danmörku (Inter-Parliamentary Union 2009). Á sama tíma var hlutfall kvenna í ríkisstjórn hæst í Finnlandi og lægst í Danmörku (Erla Sigurðardóttir 2009). Þótt norrænu löndin séu þekkt á alþjóðavettvangi fyrir jafnréttisáherslur og staðan þar betri en víðast annars staðar í margvíslegu tilliti búa þau enn við kynjaskekkju í stjórnmalunum eins og á mörgum öðrum sviðum.

Tafla 1. Hlutfall kvenna á þjóðþingum og í ríkisstjórnnum Norðurlanda vorið 2009.

Hlutfall kvenna

	Þjóðþing ^{*)}	Ríkisstjórnir ^{**)}
Svíþjóð	47	47
Ísland	43	42
Finnland	42	60
Danmörk	38	37
Noregur	36	45

*) Inter-Parliamentary Union (IPU) 4. júlí 2009

**) Erla Sigurðardóttir 2009

Kynjaskekkja í stjórnmalum er aðeins ein af mörgum birtingarmyndum svokallaðs kynjakerfis (e. gender order, gender regime, patriarchy) sem breski félagsfræðingurinn Sylvia Walby hefur skilgreint sem félagslegt valdakerfi sem einkennist af kerfisbundinni yfirskipun karla og undirskipun kvenna (Walby 1997, 20). Kynjakerfið er sýnilegt á flestum sviðum þjóðlífs og menningar, svo sem á vinnumarkaði og áhrifastöðum í atvinnulífi, sýnileika og yfirráðum í fjölmiðlum og ekki síst pólitískum völdum. En þrátt fyrir kerfisbundið birtingarform leggur Walby áherslu að því fari fjarri að hver einasti karlmaður hafi yfirráð í krafti kyns síns og hver einasta kona sé undirskipuð vegna kyns síns (Walby 1997, 20). Þróun í rannsóknnum á þýðingu kyns í stjórnmalum hefur verið í takt við þróun kynjafræðinnar í heild. Upphaflega var sjónarhorn fræðanna á *konur* sem ein-

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

staklinga og hóp. Sú áhersla byggðist á þeirri grundvallarhugmynd að heimspekisagan og vísindahefðin væri skrifuð af körlum um karla, þeir væru viðmiðið en konur frávik. Hin fræðilega viðleitni gekk út á að bæta konum við fyrirliggjandi þekkingu. Á seinni árum hefur áherslan færst yfir á tengsl kynjanna og greinarmunur er gerður á „kyni“ (e. sex), þ.e. hinu líffræðilega og líkamlega, og „kyn-gervi“ (e. gender), sem er hið félagslega og menningarlega kyn. Kyn-gervi er gervið sem kynið tekur á sig í menningunni; það er merkingarbært menningarlegt fyrirbæri og endurspeglar valdatengsl (Scott 1996). Þetta sést vel á hugtakinu „maður“. Það á að ná yfir allt mannkyn en er nokkurs konar sjálfgildi yfir karlmann, hugtakið er fyrirfram skilgreint sem karlmaður ef annað er ekki tekið fram. Innan málfræðinnar er gjarnan sagt að karlkynið „gegna hlutleysishlutverki“ til að mynda þegar fornafn getur átt við bæði kyn (Guðrún Þórhallsdóttir 2005). Þetta má gagnrýna á þeirri forsendu að karlkynið sé þarna mótandi í stað þess að gegna hlutleysishlutverki. „Maður“ nær vissulega stundum yfir bæði kyn en er oft útilokandi fyrir konur. Setningin „þarna gengur óléttur maður eftir tjarnarbakk-anum“ er t.d. dæmi um orðalag sem varla fær staðist.

Kynjafræðin hefur þannig þróast frá því að horfa á konur og hið kvenlæga sem frávik, viðhengi, andlag eða aukasetningu og beinir sjónum í auknum mæli að viðmiðinu, hinu karlmiðlæga kerfi. Ekki er eingöngu spurt um hlutfall kvenna eða höfðatölu heldur ráðandi kerfi og viðmið. Þessi nálgun er í samræmi við nýjar áherslur í margbreytileikafræðum, svo sem hinseginfræðum (e. queer studies), fötlunarfræðum og rannsóknum á þjóðernishópum sem byggjast á því að gagnrýna ráðandi viðmið, t.d. hið gagnkynhneigða forræði í hinseginfræðum, hvítleikann (e. critical whiteness) í umfjöllun um þjóðernishópa o.s.frv. Sjónum er beint að forréttindastöðu ráðandi hópa fremur en jaðarstöðu minnihlutahópa. Þekkingarhagsmunir beinast æ meir að því að afbyggja forræði og yfirráð eins hóps yfir öðrum. Kenning Walby um kynjakerfið gerir ráð fyrir því að síðastliðna öld hafi form kynjakerfisins breyst frá formlegri og lagalegri útilokun kvenna til undirskipunar. Þannig fengu konur smám saman hlutdeild og þegnréttindi á 20. öldinni, svo sem borgaraleg, félagsleg og pólitísk réttindi, en þá tók við undirskipun sem birtist á öllum helstu sviðum samfélagsins, svo sem vinnumarkaði, menningu, stjórnmálum o.fl. (Walby 1997). Stjórnmálakerfið er m.ö.o. hluti af kynjakerfinu og er hér skoðað sem slíkt.

Ástæður fyrir kynjaskekkju í stjórnmálum

Hlutfall kvenna í stjórnmálum hefur verið tengt við marga þætti, svo sem atvinnuþátttöku, menntunarstig, veraldarvæðingu (e. secularization), þann tíma sem konur hafa haft pólitísk réttindi, kosningakerfi og hugmyndafræði flokka (Dahlerup 2006, 11). Þessir þættir snúa bæði að því sem kallað er framboðshlið og eftirspurnarhlið stjórnmálanna. Fjölbjóðlegar rannsóknir hafa verið gerðar á hlutfalli kvenna á löggjafarsamkundum, flestar í ríkari löndum heims en nokkrar einnig í fátækari löndum. Þær sýna að margir áhrifaþættir koma við sögu sem eiga

Stjórnmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

í flóknu innbyrðis samspili og birtast með mismunandi hætti eftir löndum, aðstæðum og tímaskeiðum (Matland 1998; Moore og Shackman 1996; Oakes og Almquist 1993).

Þær ástæður sem einkum hefur verið fjallað um hafa verið flokkaðar í þrennt. Í fyrsta lagi félags- og efnahagslegar ástæður (e. socioeconomic), í öðru lagi kerfislegar ástæður í stjórnmálunum sjálfum, einkum kosningakerfin, og í þriðja lagi menningarlegar ástæður (Kenworthy og Malami 1999; Mateo Diaz 2005; Paxton og Kunovich 2003). Niðurstöðurnar eru ekki einhlítar. Munurinn skýrist m.a. af því hve umfangsmikil gagnasöfn og ítarlegar upplýsingar liggja til grundvallar, svo sem fjöldi landa, fjöldi og tegundir skýribreyta og fleira. Mynstrið er flókið, tölfræðilegar tilhneigingar missterkar og sjaldnast um að ræða einföld tengsl. Mikill munur getur verið milli landa sem að öðru leyti eru svipuð (Mateo Diaz 2005, 50-52; Stevens 2007, 80). Sjaldgæft er að Ísland sé með í fjölþjóðlegum könnunum en hér á eftir verður fjallað um hvern þessara þriggja flokka og Ísland skoðað með hliðsjón af þeim.

Félagslegar og efnahagslegar ástæður

Félagslegar og efnahagslegar ástæður snúast um þætti eins og menntun og atvinnuþátttöku. Fyrstu fjölþjóðlegu kannanirnar á stöðu kvenna í stjórnmálum beindust gjarnan að þessum þáttum. Undirliggjandi spurning, þó oftast óorðuð, var hvort tengsl væru milli nútímavæðingar (e. modernization), iðnvæðingar og þróunarstigs landa annars vegar og hlutfalls kvenna á þjóðþingum hins vegar; m.ö.o. hvort staða kvenna utan stjórnmálanna haldist í hendur við aukin völd innan þeirra. Niðurstöður rannsókna eru ekki einhlítar. Rannsókn Oakes og Almquist (1993) leiddi í ljós að atvinnuþátttaka kvenna hafði forspárgildi fyrir fjölda kvenna á þjóðþingum; því hærra hlutfall kvenna í launavinnu því fleiri konur á þingi (Oakes og Almquist 1993, 76-78). Rannsókn Moore og Shackman (1996) vísaði í sömu átt en gaf jafnframt til kynna að tengsl menntunar og atvinnuþátttöku kvenna við völd þeirra í atvinnulífi og stjórnmálum væru flókin. Lönd á hærra iðnvæðingar- og þróunarstigi reyndust ekki endilega hafa minni karlaslagsíðu í valdastöðum en önnur lönd og nútímavæðing leiddi ekki sjálfkrafa til sterkari efnahagslegrar og pólitískrar stöðu fyrir konur (Moore og Shackman 1996, 287).

Rannsókn Kenworthy og Malami (1999) sýndi frekari blæbrigði á þessu ferli með því að sýna að hlutur kvenna á þjóðþingum tengdist ekki atvinnuþátttöku kvenna í sjálfu sér heldur hlutfalli kvenna í hópi langskólagenginna sérfræðinga (e. professionals) (Kenworthy og Malami 1999, 257). Það rímar við þá tilhneingingu að þeir sem líklegastir eru til að verða þingmenn á Vesturlöndum eru hinir vel stæðu, vel menntuðu og þeir sem þegar eru í góðum störfum. Í þessum hópi hafa karlar ætíð verið fleiri (Stevens 2007, 81). Í samræmi við þetta getur verið talsverður munur milli landa sem eru lík hvað varðar menntun og atvinnuþátttöku kvenna. Þannig er atvinnuþátttaka og hlutfall kvenna í sérfræðistörfum svipað í

Stjórnmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Frakklandi og Bretlandi annars vegar og Belgíu og Portúgal hins vegar þótt hlutfall kvenna sé umtalsvert hærra á þjóðþingum tveggja síðarnefndu landanna (Mateo Diaz 2005, 82). Stevens telur að fyrirbyggjandi rannsóknir megi túlka þannig að tiltekið menntunar- og atvinnustig kvenna skapi forsendur fyrir þátttöku kvenna í stjórnmálum; það sé nauðsynleg en ekki nægjanleg forsenda fyrir stjórnmálaþátttöku þeirra (Stevens 2007, 81).

Ef Ísland er skoðað í þessu ljósi sést að menntunarstig og atvinnuþátttaka kvenna á Íslandi er hátt, og jafnvel hærra en annars staðar á Norðurlöndum. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna er reyndar með því hæsta í heiminum. Hún fór ekki undir 30% alla síðustu öld og er nú nánast jöfn atvinnuþátttöku karla. Árið 1983 þegar hlutur kvenna á þingi var 5% var 70% kvenna á vinnumarkaði og kynjahlutföll á sérskóla- og háskólastigi nánast jöfn (Þorgerður Einarsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir 2005; Konur í vísindum á Íslandi 2002, 18). Hér skipta velferðarkerfi og opinber stuðningur við barnafjölskyldur miklu máli. Ísland var seinna en önnur ríki Norðurlanda að þróa opinbera dagvistun (Bergquist 1999) en þróunin síðusta áratug hefur verið mjög hröð og nú stendur meirihluta forskólabarna til boða opinber dagvistun (Konur og karlar 2004, 25). Konur á Íslandi bera þó enn meginábyrgð á umönnun barna og fjölskyldu. Aðstæður á Íslandi koma því heim og saman við þá skýringu að menntun og atvinnuþátttaka kvenna sé nauðsynleg en ekki nægjanleg forsenda fyrir jafnri kynjahlutdeild í stjórnmálum. Leiða má líkur að því að efnahagslegar og félagslegar aðstæður eigi einhvern þátt í fæð kvenna í stjórnmálalífi á Íslandi en séu ekki stærsta skýringin.

Ástæður í pólitíska kerfinu

Annar flokkur ástæðna fyrir kynjaskekkjunni eru kerfislægar hindranir í sjálfu pólitíska kerfinu, einkum kosningakerfinu. Með því er venjulega átt við reglur um það hvernig atkvæðum er breytt yfir í þingsæti. Í frjálslýndum lýðræðisríkjum er aðallega um tvær megingundir að ræða, meirihlutakerfi og hlutfallskerfi. Í grófum dráttum má segja að í meirihlutakerfi vinni sá frambjóðandi (eða frambjóðendur) kosningarnar sem fær flest atkvæði á tilteknu svæði eða í tilteknu kjördæmi. Í hlutfallskerfi öðlast flokkar þingsæti í samræmi við þau atkvæði sem þeir fá. Kosningakerfin skipta miklu máli fyrir möguleika kvenna og rannsóknum ber almennt saman um að hlutfallskerfin reynist konum betri þótt fræðimenn séu ekki sammála um hvort það eigi í sama mæli við um rík lönd og fátækari (Kenworthy og Malami 1999, 238). Hlutfallskerfi í kosningum hefur m.a. verið talin ein af skýringunum á velgengni kvenna í norrænu löndunum (Dahlerup 2006, 11; Freidenvall o.fl. 2006, 59).

Almennt gildir að því lengur sem konur hafa haft kosningarétt og kjörgengi því líklegra ætti stjórnmálaþátttaka þeirra að vera. Þarna er þó ekki um einfalt samband að ræða og tengslin hafa reynst mismunandi sterk í könnunum (Kenworthy og Malami 1999, 239; Mateo Diaz 2005, 67; Stevens 2007, 82).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Ísland er gott dæmi um þetta. Í 68 ár eftir að konur fengu pólitísk réttindi, eða 1915-1983, voru þrjár eða færri konur á Alþingi og stundum engin. Fyrsta konan var kosin á þing árið 1922 en það var Ingibjörg H. Bjarnason. Þróunin var afar hæg fram eftir öldinni og margir flokkar voru seinir að treysta konum fyrir þingmennsku. Hér á landi hafði t.d. Alþýðuflokkurinn starfað í 30 ár áður en vinstri flokkarnir eignuðust sína fyrstu þingkonu. Það var Katrín Thoroddsen sem fór á þing árið 1946 fyrir Sósíalístaflokkinn. Fyrsta þingkona Framsóknarflokksins, Rannveig Þorsteinsdóttir, settist á þing árið 1949 en bæði Alþýðuflokkurinn og Framsóknarflokkurinn voru stofnaðir rétt eftir fyrri heimstyrjöld árið 1916. Sama gildir um ríkisstjórnir Íslands, þær voru löngum skipaðar körlum. Auður Auðuns var fyrst kvenna til að gegna ráðherraembætti hérlendis 1970-1971. Öll önnur ríki Norðurlanda voru langt á undan; Danmörk 1924, Finnland 1926, Noregur 1945 og Svíþjóð 1947 (Freidenvall o.fl. 2006, 58).

Rannsóknir sýna að stærð kjördæma skiptir máli fyrir velgengi kvenna, því minni sem kjördæmi eru þeim mun erfiðara fyrir konur að ná kjöri (Kenworthy og Malami 1999, 239). Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárstöttir hafa skoðað ýmsar kennistærðir og stofnanalegir þætti hérlendis (2001). Þau könnuðu m.a. hvort stærð kjördæma, stærð flokka/framboða og framboðsaðferðir hefðu áhrif á hlutfall karla og kvenna. Gögn þeirra byggjast á sveitarstjórnarkosningunum 1998 og þingkosningunum 1999. Rannsókn þeirra staðfestir það sem kemur fram í erlendum rannsóknum að um er að ræða samspil margra þátta (Mateo Diaz 2005; Stevens 2007). Samkvæmt könnun þeirra Svans og Auðar er ein megin-tilhneigingin þó sú að eftir því sem kjördæmin eru stærri þeim mun meiri líkur eru á að konur séu í öruggum sætum, þótt það sé alls ekki einhlítt. Svipað gildir um stærð framboða; því minni sem framboðin eru, því minni líkur eru á konur séu í öruggum sætum. Þetta er heldur ekki einhlítt og er Sjálfstæðisflokkurinn dæmi um það. Hann er stór flokkur þar sem hlutfall kvenna hefur verið lágt í samanburði við aðra flokka. Meginniðurstaða þeirra Svans og Auðar er að pólitískur vilji í forystu flokkanna skipti meginmáli (Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárstöttir 2001).

Framboðshlið stjórnmalanna hefur verið tilgreind sem ástæða fyrir rýrum hlut kvenna, þ.e. að konur séu tregar til að bjóða sig fram. Á síðustu áratugum hafa konur hafa verið fleiri meðal frambjóðenda en meðal kjörinna fulltrúa. Þær voru 8% frambjóðenda árið 1963 en 50% frambjóðenda í kosningunum 1995 þegar þær voru einungis 25% kjörinna fulltrúa (Konur og karlar 2004, 57). Í kosningunum 2007 voru konur 47% frambjóðenda en 32% kjörinna (Konur og karlar í áhrifastöðum 2008, 3). Þetta snerist við árið 2009 þegar konur voru 40% frambjóðenda en 43% kjörinna. Þetta mynstur sýnir að ekki er einfalt samhengi milli fjölda kvenna í framboði og kjörinna fulltrúa.

Samkvæmt hugmyndum Matlands (2005) snýst kjör kvenna á þjóðþingum um þriggja þrepa ferli. Konur þurfa í fyrsta lagi að velja sig sjálfar, þær þurfa að njóta stuðnings flokksins og loks að ná kjöri. Fyrsta skrefið tengist áhuga og metnaði einstaklingsins til að bjóða sig fram sem kallast á við þau bjargráð og tækifæri sem

Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

standa til boða. Strax á þessu stigi eru karlar fleiri en konur, forskot karla felst í að bæði kyn eru alin upp við að stjórnmál séu sjálfsagt og eðlilegt mál fyrir karla, sem nærir með körlum meiri áhuga, metnað og bjargir. Í öðru lagi þurfa konur stuðning flokkanna. Framboðsaðferðir eru mismunandi eftir löndum og flokkum, þær geta verið formlegar eða óformlegar, miðstýrðar eða dreifstýrðar. Í öðrum enda skalans eru aðferðir eins og forvöl og prófkjör og á hinum endanum eru óformlegar aðferðir þar sem stofnanir flokkanna eða jafnvel formenn velja frambjóðendur. Skýrar og gagnsæjar aðferðir gagnast konum vel þar eð þá er minna rými fyrir geðþótta. Matland leggur áherslu á að nægum fjölda áhugasamra kvenna sé til að dreifa þegar frambóðsmál eru annars vegar og skoða þurfi hlutverk hliðvarða flokkanna mjög vel. Síðasta þrepíð er síðan að ná kjöri. Umdeilt er meðal fræðimanna hvort hér sé um kynjaskekkju að ræða. Í flestum lýðræðisríkjum velja kjósendur flokka eftir hugmyndum frekar en einstaklingum og því ekki ástæða til að ætla að konur á listum séu flokkunum mikil byrði nema síður sé (Matland 2005, 94-98).

Kvótar eru nýtt stef í stjórnmálaumræðunni og ein af þeim leiðum sem tiltækar eru til að jafna forsendur kynjanna. Árið 2006 höfðu um 40 lönd í heiminum innleitt lögbundna kynjakvóta og í 50 löndum til viðbótar höfðu stjórnmálaflokkar innleitt kvóta að eigin frumkvæði (Dahlerup 2006, 3). Kvótar geta átt við frambjóðendur eða þingsæti, þeir geta miðast við skilgreint lágmark, t.d. að konur séu minnst 20-30%, eða tiltekið bil fyrir hvort kyn, t.d. 40-60%. Þá eru til táknrænir kvótar, sem oft eru innleiddir vegna þrýstings en ekki jafnréttisvilja og hafa lítil raunveruleg áhrif (Dahlerup 2006, 10-12).

Kvótahugmyndin hefur verið kölluð „hraðferð til jafnréttis“ (e. fast track model) til aðgreiningar frá „hægferð til jafnréttis“ (e. incrementalism) sem t.d. einkennir Norðurlöndin (Dahlerup 2006; Freidenvall o.fl. 2006). Skýrustu dæmin um lönd á hraðferð eru Rúanda, Argentína, Suður-Afríka, Bosnía og Kosta Ríka en kvótar eru einmitt algengir í nýfrjálsum ríkjum og á fyrrum áttaksvæðum þar sem lýðræðisleg kerfi og stofnanir eru byggð upp frá grunni á skömmum tíma. Með því opnast oft rými fyrir konur (Freidenvall o.fl. 2006; Dahlerup 2005, 7). Kvótaleiðin er hins vegar sjaldgæf í vestrænum frjálslýndum lýðræðisríkjum þar sem andstaða við þá er mikil þrátt fyrir mikla kynjaskekkju. Þar ríkir sá skilningur að lýðræðið sé komið í eitt skipti fyrir öll. Stjórnkerfið og kosningakerfin eru talin „eðlileg“ þrátt fyrir mikla karlaslagsíðu. Kvótar eru taldir vera aðgerð til að bæta fyrir fyrri mismunun eða leiðréttu hlut einstakra kvenna. Þeir eru af mörgum gagnrýndir fyrir að sniðganga lögmál samkeppninnar um að sá hæfasti vinni. Gjarnan er litið á kynjamismunun sem undantekningar í annars réttlátu og góðu kerfi (Bacchi 2006).

Það er algengur misskilningur að Norðurlöndin séu helsta vígi kynjakvóta og skýri sterka stöðu kvenna þar í stjórnmálum. Þar eru kynjakvótar ekki lögbodnir samkvæmt landslögum og einungis bundnir við einstaka stjórnmálaflokka. Þeir voru innleiddir eftir 1980 þegar hlutfall kvenna var orðið 20-30%. Þar hafa kynjakvótar fyrst og fremst orðið til þess að verjast bakslagi á tímum andstöðu við jafnrétti (Freidenvall o.fl. 2006, 75).

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Á Íslandi eru kynjakvótar ekki lögbundnir en hafa tíðkast innan einstakra flokka. Vinstri hreyfingin – grænt framboð er eini flokkurinn sem markvisst hefur beitt kynjakvótum en lög flokksins (3. gr.) kveða á um jöfnuð milli kynja við val á framboðslista til kosninga (Vinstri hreyfingin – grænt framboð e.d.). Lög Samfylkingarinnar (gr. 2.10) kveða á um að í öllum stofnunum flokksins sem kosið er til skuli hvort kyn eiga rétt til a.m.k. 40% aðal- og varafulltrúa svo fremi að nægilega margir séu í framboði. Þá skal stefnt að því við skipan á framboðslista og ráðherrastörf að kynjahlutfall „verði sem jafnast“. Kjördæmafélög setja sér reglur í prófkjörum, helmingskvótar eru sjaldgæfir en öll félög eru bundin af 40-60% reglunni (Samfylkingin e.d.). Í lögum Framsóknarflokksins (gr. 13.8) er kveðið á um að við skipan í trúnaðar- og ábyrgðarstöður innan flokksins og við val á framboðslista skuli hlutur hvors kyns ekki vera lægra en 40% nema þegar gagnsæjar og augljósar ástæður eru því til fyrirstöðu (Framsóknarflokkurinn e.d.). Það er sérstakt rannsóknarefni hvaða áhrif þessar reglur hafa haft fyrir kynjahlutföll á Alþingi hérlendis. Samkvæmt skilgreiningu Dahlerup hér að framan myndu þessar reglur, að Vinstri grænum undanskildum, flokkast sem mildir kvótar og sumir jafnvel bara táknrænir. Á Íslandi fá flokkarnir fáa þingmenn kjörna í landsbyggðarkjördæmum og stundum bara einn. Þar sem framboðslistar flokka eru gjarnan leiddir af körlum er hætt við að kvótar og núgildandi kynjareglur dugi ekki til að jafna hlutföll kynjanna í þingflokkunum í heild. Þannig færðu kynjareglur Framsóknarflokksins honum einungis 33% hlutfall kvenna í kosningunum 2009. Kynjareglur og kvótar hafa e.t.v. fyrst haft raunveruleg áhrif á heildarhlutfall þingkvenna í kosningunum 2009. Þá fengu þrír flokkar/framboð jafnt kynjahlutfall kvenna og karla á þing, Vinstri græn, Samfylking og Borgara-hreyfingin.

Athyglisvert er að á sama tíma og kvótar hafa verið að ryðja sér til rúms á Norðurlöndum hafa prófkjör notið aukinna vinsælda á Íslandi, en þau hafa verið notuð í vaxandi mæli til að raða í efstu sæti framboðslista. Rannsókn Svans Kristjánssonar og Auðar Styrkárstöttur (2001) sýndi að konum vegnaði almennt ekki verr en körlum í prófkjörum fyrir kosningarnar 1998 og 1999, en að færri konur en karlar gefa kost á sér. Indriði H. Indriðason og Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir (2008) gerðu megindelega langtímakönnun á árangri kvenna í prófkjörum á tímabilinu 1970-2007. Rannsókn þeirra bendir til þess að um fjórðungur fólks í prófkjörum nái markmiðum sínum en karlar sækist hins vegar að jafnaði eftir hærri sætum en konur. Þau benda á að konur fái almennt ekki minni stuðning en karlar í þau sæti sem þær sækjast eftir með einni undantekningu; þeir karlar sem sækjast eftir fyrsta sæti fá meiri stuðning í það sæti en konur sem sækjast eftir fyrsta sæti. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur vegna smæðar úrtaks en gefur sterkar vísbendingar (Indriði H. Indriðason og Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir 2008, 223-224). Þetta atriði getur ráðið úrslitum í litlum kjördæmum og landsbyggðarkjördæmum þar sem flokkarnir fá oft bara einn mann kjörinn. Rannsóknir Ólafs Þ. Harðarsonar hafa sýnt að kynjahallinn á Alþingi skýrist að verulegu leyti af landsbyggðarkjördæmum (Ólafur Þ. Harðarson 2006).

Stjórnmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Þetta mynstur var nokkuð skýrt á þeim listum sem boðnir voru fram fyrir Alþingiskosningarnar í apríl 2009. Konur leiddu 11 af 42 listum, eða 26%. Af sjö flokkum og framboðum sem komu fram skar Vinstri hreyfingin – grænt framboð sig úr en þar var hlutfallið jafnt; þrjár konur og þrír karlar. Í Borgarahreyfingunni og Framsóknarflokknum leiddu tvær konur lista en fjórir karlar. Í Sjálfstæðisflokki, Samfylkingu, Lýðræðishreyfingunni og Frjálslynda flokknum leiddi ein kona lista en fimm karlar (Morgunblaðið 2009). Allir listarnir sem voru leiddir af konum eru á höfuðborgarsvæðinu og næsta nágrenni, þ.e. Reykjavíkurborgarmunnum báðum, Suðvesturkjördæmi og Suðurkjördæmi, sem rennir stöðum undir niðurstöður Ólafs Þ. Harðarsonar.

Vinnuaðferðir flokkanna, menning og hefðir skipta miklu máli fyrir möguleika kvenna í stjórnmálum. Reynslan sýnir að karlar eiga greiðari aðgang að tengslanetum en konur. Skýrar reglur, formleg og gagnsæ vinnuferli gagnast nýju fólki og sérstaklega konum þar eð minna veltur þá á tengslum og vinskapa við ráðandi öfl í flokknum (Matland 2005; Stevens 2007, 84). Lovenduski (2005) nefnir dæmi um kerfislæga kynjamismunun (e. institutional sexism) í vinnuaðferðum og stefnumiðum í breska þinginu og flokkakerfinu. Birtingarmyndirnar eru margvíslegar og spanna allt frá opinni mismunun, skorti á jafnréttismenningu, staðalmyndum um stjórnmálaleiðtoga, svo sem orðræðu um „krónprinsa“, til hindrana af fjárhagslegum toga sem bitna verr á konum en körlum (Lovenduski 2005, 80-81). Svanur Kristjánsson og Auður Styrkárstöttir benda á kostnað við prófkjörin sem mikilvæga hindrun fyrir konur hérlendis (2001, 23-24, 41-50). Styrkir til stjórnmálamanna voru nokkuð til umræðu fyrir kosningarnar vorið 2009 en þá upplýsti DV um styrki stórfyrirtækja til frambjóðenda árið 2006. Ekki hefur verið gerð skipuleg eða tæmandi samantekt á þessu hérlendis og bíður þetta svið frekari rannsókna. Ljóst er þó að fólk af báðum kynjum fékk slíka styrki þótt hugsanlega sé munur á fjölda styrkja og upphæðum til kvenna og karla (DV 2009).

Þessu tengt er hugmyndafræði flokkanna sem skiptir miklu máli fyrir framgang kvenna. Almennt gildir sú tilhneiging að vinstri flokkar styðja kynjajafnrétti í meira mæli en aðrir flokkar og í þeim flokkum virðast karlar óhræddari við að rýma til fyrir konum. Vinstri flokkar hafa iðulega fleiri konur á þingi en aðrir flokkar og styrkleiki þeirra á þjóðþingum hefur því bein áhrif á kynjahlutföll (Kenworthy og Malamy 1999). Að sama skapi fjölgar kvenráðherrum þegar vinstri flokkar og miðjuflokkar eru við stjórn (Mateo Diaz 2005, 76; Stevens 2007, 84). Þetta sést vel á Íslandi; hin sterka staða Sjálfstæðisflokksins um áratugaskeið skýrir því að einhverju marki fæð kvenna í stjórnmálum. Þessi tilhneiging birtist skýrt árið 2009 eins og áður sagði. Þær tvær ríkisstjórnir sem myndaðar voru á fyrri hluta ársins 2009, minnihlutastjórn Samfylkingar og Vinstri grænna og meirihlutastjórn sömu flokka í maí 2009 hafa haft langhæsta hlutfall kvenráðherra í sögu Íslands.

Þetta mynstur er í samræmi við það að mun fleiri konur voru á þingi í sósíalísku ríkjunum í Austur-Evrópu en í hefðbundnum lýðræðisríkjum Vesturlanda

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

(Kenworthy og Malami 1999, 258; Paxton 1997). Rík áhersla var lögð á jafna hausatölu kynjanna sósíalísku ríkjanna í Austur-Evrópu á fyrri hluta 20. aldar og í sumum þeirra voru konum tryggð borgaraleg réttindi. Menntunarstig kvenna var hátt, atvinnuþátttaka mikil og þær áttu að vera virkir þátttakendur á öllum sviðum samfélagsins. Í raun var hins vegar um að ræða vinnuskyldu frekar en rétt til vinnu, og áfram áttu konur að gegna hefðbundnu móður- og húsmóðurhlutverki (Einhorn, 1993; Guðný Gústafsdóttir 2009). Hér verður einnig að hafa í huga að eiginleg pólitísk völd voru hjá flokkunum í þessum löndum en ekki þingunum og þar voru karlar í æðstu embættum (Stevens 2007, 82). Eftir fall járntrjaldsins féll hlutur kvenna á þingi í Austur-Evrópu, sums staðar niður í 10% og jafnvel 5% frá því að hafa verið um 30% að jafnaði (Montgomery 2003; Stevens 2007, 83). Þetta endurspeglar slakar aðstæður fjölmennra hópa kvenna og því má segja að lýðræðisþróunin í Austur-Evrópu hafi verið skilyrt (Rósa Erlingsdóttir 1998).

Þetta sýnir að jafnvel þótt vinstri flokkar hafi að jafnaði meiri jafnréttisáherslur en hægri flokkar er pólitísk hugmyndafræði engin trygging fyrir völdum til kvenna. Mikilvægur þáttur í þessu samhengi er hvernig flokkarnir skilgreina á hvaða forsendum eigi og megi ræða mál, sem og hvaða mál komast á dagskrá. Oft eru væntingar, aðferðir og nálgun í ákveðnum farvegi sem konur verða að ganga inn í (Phillips 2005). Konur eru flokkshollar ekki síður en karlar og lúta sama flokksaga ef honum er til að dreifa. Þannig telja konur í Repúblikanaflokknum í Bandaríkjunum að samneyti við kvannahópa vekir grunsemdir um að þær sýni flokknum ekki hollustu (sjá Stevens 2007, 185). Rannsóknir frá Ástralíu og Bretlandi sýna hvernig flokksagi getur orðið sjónarmiðum kvenna yfirsterkari meðal þingkvenna. Í Ástralíu á 10. áratugnum fjölgaði konum á þingi en þrátt fyrir það minnkaði áhersla á fæðingarorlof og aðgerðir gegn kynbundnu ofbeldi. Fjölgunin hafði átt sér stað í hægri flokkunum sem mynduðu samsteypustjórn, en sú stjórn tók skýra afstöðu gegn hvers kyns meintum sérhagsmunum, þar með hagsmunum kvenna. Til að tryggja stöðu sína og verjast ásökunum um sérgæsku í garð kvenna studdu konurnar ráðandi stefnu dyggilega. Annað dæmi er af „nýjum“ þingkonum breska Verkamannaflokksins á árunum 1997-2001 sem sýndu meiri flokkshollustu en karlar og eldri konur (Stevens 2007, 184-185).

Íslenskt dæmi af svipuðum toga er þegar frumvarp um bann við vændiskaupum, sænska leiðin svokallaða, fór fyrir Alþingi í apríl 2009, eftir að hafa dagað uppi nokkrum sinnum áður. Bæði þingkonur og þingkarlar úr Samfylkingu og Vinstri grænum stóðu að frumvarpinu, ásamt Framsóknarkonum. Víðtæk samstaða var meðal íslenskra kvannahreyfinga um málið (Alþingi 2009a). Samkvæmt skoðanakönnunum studdi meirihluti þjóðarinnar sænsku leiðina; stuðningur meðal karla var 57% og 83% meðal kvenna (Morgunblaðið 2007). Því má ætla að stuðningur kvenna hafi náð langt inn í raðir kvenkjósenda Sjálfstæðisflokksins. Engu síður sátu allar þingkonur Sjálfstæðisflokks hjá við afgreiðslu frumvarpsins og karlþingmenn flokksins sátu ýmist hjá eða greiddu atkvæði gegn frumvarpinu (Alþingi 2009b).

Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

Ein af þeim skýringum sem tilgreindar hafa verið á hlutfalli kvenna í stjórnmálum er áhrif kvannahreyfinga, stærð þeirra og styrkleiki. Kvannahreyfingar geta haft hvetjandi áhrif, m.a. með því að veita konum þjálfun, efla með þeim sjálfstraust og metnað. Þær geta veitt stuðning með því að hafa áhrif á pólitíska menningu og skapa jákvæðari viðhorf gagnvart konum í stjórnmálum (Bystydzienski 1995; Freidenvall 2006, 62-63; Matland 2005, 94-95; Sainsbury 1993). Þetta er áhugavert þegar Ísland er skoðað í samhengi við önnur ríki Norðurlanda. Löng hefð er fyrir sterkum kvannahreyfingum á Íslandi. Kvenréttindafélag Íslands var stofnað 1907 og fyrir atbeina þess fengu konur borgaraleg og pólitísk réttindi á fyrstu áratugum síðustu aldar (Sigríður Th. Erlendsdóttir 1993). Á áttunda áratug síðustu aldar skapaði Rauðsokkahreyfingin víðtæka vitundarvakningu (Vilborg Sigurðardóttir 2001) og ruddi brautina fyrir Kvennaframboð og Kvennalista á níunda áratugnum (Kristín Jónsdóttir 2007).

Eitt höfuðeinkenni íslenskrar kvannahreyfingar hefur einmitt áhersla á framboðsmál. Þótt framboðsleiðin sé ekki séríslensk hafa kvennalistarnir á Íslandi sérstöðu fyrir það að vera umfangsmeiri og árangursríkari en í öðrum löndum (Auður Styrkársoóttir 1998). Fyrstu konurnar til að taka sæti í borgarstjórn Reykjavíkur árið 1908 voru kjörnar af sérstökum kvennalista (Auður Styrkársoóttir 1994). Fyrsta konan til að taka sæti á Alþingi Íslendinga árið 1922, Ingi-björg H. Bjarnason, var kjörin af sérstökum kvennalista. Því er ljóst að ekki var nægilegt að ryðja úr vegi formlegum og lagalegum hindrunum gegn pólitískri þátttöku kvenna (Walby 1997), sérstakt átak þurfti til að koma konum inn í stjórnmálakerfið (Þorgerður Einarsdóttir 2002).

Í kosningunum 1983, þegar Kvennalistinn bauð fram til Alþingis og fékk þrjár konur kjörnar, fjölgaði konum úr 5% í 15%. Þá höfðu konur verið þrjár eða færri frá 1915 eins og áður sagði. Kvennalistinn hafði mikil áhrif á hina flokkana og hlutur kvenna jókst hægt og bitandi í kosningunum á eftir. Í kosningunum 1999 tók hlutfall kvenna aftur stökk, úr 25% í 35%. Þar munaði mestu um að þingflokkur Samfylkingar hafði nær jafnt kynjahlutfall, eða níu konur og átta karla. Ljóst er að sú ákvörðun Kvennalistans að ganga til liðs við Samfylkinguna árið 1999 hefur haft mikil áhrif en þeir flokkar sem mynduðu hreyfinguna áttu sérstök sæti á listum framboðsins. Hefði Samfylkingin verið á sama róli og aðrir flokkar hefði konum ekki fjölgað. Af þessum sökum er óhætt að segja að Kvennalistinn hafi haft afgerandi áhrif á þróunina (Þorgerður Einarsdóttir 2002, 29).

Eftir 1999 virðast bein áhrif Kvennalistans hafa farið þverrandi og í kosningunum árið 2003 varð afturkiptur þegar hlutfall kvenna lækkaði í 30%. Árið 2007 hækkaði hlutfallið aðeins og var komið í 32%. Í kosningunum í apríl 2009 þegar hlutur kvenna jókst úr 32% í 43% var ekki um áhrif kvennalista að ræða heldur komu aðrar ástæður til. Veturinn 2008-2009 ríkti afar sérstakt ástand á Íslandi. Ríkisstjórn landsins hraktist frá völdum í janúar 2009 eftir kerfishrun í október 2008. Krafa um endurnýjun og uppstokkun var hávær. Kallað var eftir uppgjöri við þá róttæku frjálshyggju sem ríkt hafði um árabíl með minnkandi regluverki

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

og stýringu markaðarins, einkavæðingu og áherslu á einkaeignarétt, t.d. á auðlindum (Stefán Ólafsson 2008). Útrásin sem einkavæðing bankanna gerði mögulega hafði kynbundin formerki, „karllæg“ gildi réðu ferð með „skammtímagróða frekar en langtíma, samkeppni frekar en samstarf og áhættusækni frekar en áhættu-meðvitund“ eins og haft var eftir Höllu Tómasdóttur, stjórnarformanni Auðar Capital (sjá Guðna Th. Jóhannesson 2009, 97). Því var ekki óeðlilegt að þeirri uppstokkun og endurnýjun sem kallað var eftir hafi fylgt kröfur um aukinn hlut kvenna. Einstaklingshyggja frjálshyggjunnar á ríkan þátt í að gera konum erfiðara fyrir en körlum á opinberum vettvangi (Þorgerður Einarsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2009; Þorgerður Einarsdóttir 2009).

Af þessu er ljóst að margir samverkandi þættir í stjórnmalakerfinu hafa áhrif á hlut og framgang kvenna. Kosningakerfið á Íslandi, þ.e. hlutfallskosningakerfið, er konum hagstætt. Stofnanabundnir þættir eins og stærð kjördæma og stærð frambóða hafa nokkur áhrif en veigameiri skýringar er að finna í vinnuaðferðum flokkanna, flokksmenningu og hugmyndafræði. Þá hefur kvannahreyfingin á Íslandi haft afgerandi áhrif á hlut kvenna í stjórnmalum.

Menningarlegar ástæður

Rannsóknir sýna að eitt af því sem skiptir máli fyrir framgang kvenna í stjórnmalum eru menningarlegir þættir. Erfitt hefur þó reynst að finna breytur sem mæla vel menningarlega þætti og í könnunum hefur verið notast við grófar nálganir eins og trúarbrögð og landssvæði (Kenworthy og Malami 1999). Paxton og Kunovich (2003) gerðu rannsókn byggða á eigindlegum gögnum og alþjóðlegri lífsgildakönnun þar sem stuðst var við mælingar á viðhorfum til kynjahlutverka, svo sem hvort karlar væru betri stjórnmalaleiðtogar en konur og hvort karlar ættu að hafa forgang ef skortur væri á vinnu. Niðurstöðurnar sýndu að menningarlegir og hugmyndafræðilegir þættir höfðu meira forspárgildi um hlut kvenna á þjóðþingum en kosningakerfi og aðstæður í pólitíska kerfinu (Paxton og Kunovich 2003, 96, 102-104).

Þetta tengist m.a. hugmyndum okkar um stjórnmalamenn og ímynd þeirra. Sigríður Matthíasdóttir hefur lýst því hvernig ímyndin um hinn sanna Íslending er samofin karlmennskuhugmyndum, svo sem hugmyndum okkar um Ingólf Arnarson, Leif heppna, Jón Sigurðsson o.fl. (Sigríður Matthíasdóttir 2004). Á sama hátt hafa fræðimenn greint hvernig ímynd hins dæmigerða stjórnmalamanns tengist karllægum hugmyndum; sjálfgildi fyrir stjórnmalamann er karlkyns einstaklingur. Óorðaðar hugmyndir um karlmennsku eins og djörfung og ágengni, samkeppni og raunsæi hafa gjarnan verið teknar sem viðmið fyrir eðlilega stjórnmalahægdun (Bourque og Grossholtz 1998). Þetta endurspeglar aldagamala eðlishyggju og tvíhyggjuhugmyndir grísku heimspekinganna um að karlar séu rökvísari, skynsamari og færari um að leggja „kalt mat“ á hlutina en konur sem taldar eru á valdi tilfinninga, órökvísar og óskynsamar (Sigríður Þorgeirsdóttir 2001). Þetta gerir það að verkum að þær konur sem hafa áhuga á að máta sig við

Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

hlutverk stjórnmálamanns eiga erfiðara með að finna þar samsvörun en karlar. Þetta er sérstaklega ýkt í íhaldssamari löndum þar sem kynhlutverk eru mjög hefðbundin og viðtekið að konur séu í umönnunarhlutverki og karlar í fyrirvinnuhlutverki (Stevens 2007, 86-87).

Hugmyndir um kynhlutverk eru nútímalegri og frjálslýndari í okkar heimshluta en víðast annars staðar. Rannsókn í 15 Evrópulöndum frá árinu 2001 sýndi að eftir því sem þátttaka karla í húsverkum jókst voru þeir færri á þingi. Í ljós kom að Svíþjóð var efst á blaði; sænskir karlar vorðu mestum tíma í húsverk og karlaslagsíðan á þingi var minnst þar (Stevens 2007:87). Þessar niðurstöður eru tæplega til marks um að heimilisverkin sem slík sem haldi körlum frá stjórnmálaþátttöku heldur er nærtækari túlkun að þetta sé birtingarmynd á kynjatengslum í víðara samhengi: Með því að taka þátt í heimilishaldi skapa karlar rými fyrir ný hlutverk kvenna, m.a. í stjórnmálum. Svíar mælast einnig með einna minnst hefðbundin viðhorf til kynhlutverka af 19 þjóðum í fjölþjóðlegri samanburðarkönnun Kolbeins Stefánssonar (2008). Hér á landi eru hefðbundin viðhorf gagnvart stjórnmálaþátttöku kvenna ekki opinberlega viðurkennd. Árið 2003 svöruðu 79% karla og 88% kvenna að það væri til góðs að fleiri konur tækju þátt í stjórnmálum (Efnahagsleg völd kvenna 2004, 28-29). Hins vegar eru hugmyndir Íslendinga um kynhlutverk þversagnakennd, þar kallast á frjálslýnd viðhorf og djúpstæð eðlishyggja um kynin sem nærir hefðbundin kynhlutverk (Kolbeinn Stefánsson 2008).

Fjölmiðlar gegna mikilvægu hlutverki fyrir stjórnmál og stjórnmálaumræðu en kannanir sýna að fjölmiðlaumfjöllun er afar kynbundin. Almennt gildir að meiri umfjöllun er um karla en konur í fjölmiðlum, auk þess sem fréttamat og umfjöllun hefur kynbundin einkenni. Í skýrslu Global Media Monitoring Project (GMMP) frá 2005 kemur fram að á heimsvísu eru konur eru um 21% viðmælenda í fjölmiðlum. Umfjöllun um stjórnmál snýst að verulegu leyti um karla eða í 86% tilvika og í 80% tilvika þegar fjallað er um efnahagsmál. Þegar stjórnmálafólk í hlutverki viðmælenda er skoðað er hlutur karla 88% og hlutur kvenna 12% (Gallagher 2005, 22). Þetta virðist ekki fara mikið eftir hlutfalli kvenna á þjóðþingum. Þannig eru karlar 51% þingmanna í Rúanda en 87% viðmælenda í umfjöllun um stjórnmál (Gallagher 2005, 17). Kannanir hérlendis sýna svipaða tilhneigingu. Könnun menntamálaráðuneytisins frá árinu 2001 sýndi að karlar eru um 70% viðmælenda í fréttum sjónvarpsfréttum og konur 30% (Margrét Valdímarsdóttir 2005) og svipað hlutfall fundu Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir í könnun á fréttarými og myndefni á forsíðu Fréttablaðsins árið 2005 (Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir 2005).

Þá hefur umfjöllun um stjórnmálafólk og fréttamat kynbundin formerki og rannsóknir benda til að fjölmiðlaumfjöllun um stjórnmálakonur snúist í auknum mæli um kyn þeirra og útlit (Byerly og Ross 2006). Orðræða samfélagsins gerir ráð fyrir að kyn skipti ekki máli. Á sama tíma er kyn kvenna oft gert að aðalatriði í umfjöllun um þær og vísað er í kynið sem eins konar tegundareinkenni (Þorgerður Einarsdóttir 2005). Fréttamatíð er kynbundið og dæmi eru um að smættandi

Stjórnmal og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

hugtök séu notuð um útlit og klæðaburð kvenna í stjórnmalum. Skemmst er að minnast hugtakanna „slæðukona“ sem hent var á lofti um Sjálfstæðiskonur fyrir Alþingiskosningarnar 2003 og hugtakið „hattakonur“ um Framsóknarkonur árið 2004 (Þorgerður Einarsdóttir 2005). Í umfjöllun um karla er hugtakið „stuttbuxnadeild“ sem notað er um karla í ungliðahreyfingum stjórnmalahreyfinganna að einhverju leyti sambærilegt, nema það hefur víðari skírskotun og er ekki bara notað yfir karla í stjórnmalum.

Metnaður kvenna til forystu í stjórnmalum og hvernig hann tengist menningarlegum þáttum eins og leiðtogaímynd og umfjöllun stjórnmála er tiltölulega lítið rannsakað svið. Við sáum hér að framan í könnun Indriða H. Indriðasonar og Ásdísar Jónu Sigurjónsdóttur (2008) að konur sækjast sjaldnar eftir leiðtogasæti en karlar og vísbendingar um að þær fái minni stuðning í það. Vandí kvenna er að þær fá gjarnan tvíbent skilaboð. Annars vegar er konum legið á hálsi fyrir að sækjast ekki eftir forystu. Þær konur sem það gera eru hins vegar oft sakaðar um sjálfsselsku og jafnvel framhleypli. Áhrifaríkt dæmi um þetta er leiðtogaslagur milli Ingu Jónu Þórðardóttur og Björns Bjarnasonar fyrir borgarstjórakosningarnar í Reykjavík vorið 2002 sem var aflýst þegar Inga Jóna dró sig skyndilega í hlé. Hún lýsti yfir stuðningi við Björn með táknrænum og eftirminnilegum hætti þegar hún hélt fréttamannafund með málverk af Bjarna Benediktssyni, föður Björns, í bakgrunni, en Bjarni var meðal annars formaður Sjálfstæðisflokksins, forsætisráðherra og borgarstjóri í Reykjavík. Davíð Oddsson, þáverandi formaður flokksins, lýsti yfir sérstakri ánægju með þessi viðbrögð Ingu Jónu og hrósaði henni sérstaklega fyrir að hún væri „ekkert að hugsa um eigið skinn í þessum efnum heldur hagsmuni heildarinnar“ (Þorgerður Einarsdóttir 2005).

Formannskjör Samfylkingarinnar árið 2005 þegar Ingibjörg Sólrún Gísladóttir varaformaður skoraði Össur Skarphéðinsson, sitjandi formann, á hólmi sýnir annað dæmi um kynbundna orðræðu. Umfjöllun um Ingibjörgu hafði tilvísanir í sjómanslíkingar þar sem myndmál fól í sér hugrenningatengsl um hvað hún væri að vilja upp á dekk, en einnig barnasögur eins og litlu gulu hænuna með skírskotanir í framhleypli og sérgæsku. Vísað var í kyn hennar og útlit meðan karlframbjóðandanum, Össuri Skarphéðinssyni var lýst með tilvísunum í vitsmuni, reynslu og pólitískt innsæi (Þorgerður Einarsdóttir 2005). Annað lítið en táknrænt dæmi birtist fyrir kosningarnar 2009 í umfjöllun um formann og varaformann Sjálfstæðisflokksins á veftímaritunum Eyjunn og Vísi. Eyjan var með frétt um formanninn, Geir H. Haarde, 26. mars, daginn sem landsfundur Sjálfstæðisflokksins hófst. Fréttinni fylgir mynd af formanninum, ábyrgðarmiklum við ræðupúlt, með bláan bakgrunn og yfirskriftin var „Landsfundur Sjálfstæðisflokksins settur – ræða Geirs Haarde í beinni útsendingu“ (Eyjan 2009). Sama dag birtist á vefritinu Vísi umfjöllun um varaformanninn, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, undir yfirskriftinni „Þorgerður Katrín toppar Hillary í feгурð“. Þar sagði að Þorgerður Katrín, 43 ára, væri í 29. sæti á heimslistanum yfir falletustu stjórnmálakonur heims en Hillary Clinton í 34. sæti. Fréttinni fylgdi andlitsmynd af varaformanninum og lítil innskotsmynd af Clinton (Vísir.is 2009). Þetta er

Stjórnmál og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

áhrifarík leið til að grafa undan reisu og virðingu kvenna í stjórnmálum. Birtingarmynd og orðræða af þessu tagi um stjórnmálakonur er líkleg til að hafa áhrif á væntingar til kvenna í stjórnmálum og sjálfsmynd þeirra og setja þeim innri sem ytri skorður.

Lokaorð

Rökin fyrir jafnri þátttöku karla og kvenna í stjórnmálum eru bæði réttlætisrök og nytjarök (Lovenduski 2005, 22-23). Réttlætisrökin snúast um að það sé ekki nema sanngjarnt og réttlátt að konur eigi sama aðgang að valda- og áhrifastöðum, þegn réttur kynjanna sé sá sami, þar með talin réttindi þeirra og skyldur. Fræðimenn hafa sett hlutdeild kvenna í pólitík í samhengi við grundvallaratriði lýðræðisins. Lýðræði sé ekki mögulegt án kvenna, kynjaskekkjan sé merki um ófullburða lýðræði og karlaslagsíðan hafi alvarlegar afleiðingar fyrir lögmæti pólitískra stofnana (Phillips 1995). Því er gjarnan haldið fram að þátttaka kvenna muni auka fjölbreytni í umræðum stjórnmálanna og verkefnavali (Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir 2001, 49). Nytjarökin snúast um að samfélagið hafi ekki efni á að verða af mannaúði kvenna; hæfni og dugnaði sé jafnt skipt meðal þegnanna og karlaslagsíða þýði beinlínis tap fyrir samfélagið og stjórnmálin (Teigen 2002; Lovenduski 2005, 22). Nytjarökin snúast enn fremur um að það þurfi konur til sinna málefnum kvenna, karlar sinni sérstökum hagsmunamálum kvenna ekki. Þessar spurningar eru sérstakt rannsóknarefni og liggja fyrir utan ramma þessarar greinar. Lovenduski telur að þessum spurningum sé ekki hægt að svara með óyggjandi hætti. Að öllu jöfnu sé þátttaka kvenna í stjórnmálum hluti af stærri samfélagsbreytingum; ef fjölgun kvenna er orsök breytinga þá er hún einnig afleiðing þeirra (Lovenduski 2005, 179-180). Þetta er í samræmi við þá nálgun að staða kvenna í stjórnmálum og áhrif þeirra þar séu hluti af kynjakerfinu sem fjallað var um í upphafi, breytingar á einu sviði hafi því áhrif á öðru.

Umfjöllunin hér að framan sýnir að staða kvenna í stjórnmálakerfinu tengist mörgum þáttum af mismunandi toga. Þegar hlutur kvenna á Íslandi er skoðaður með hliðsjón af fyrri rannsóknum (Kenworthy og Malami 1999; Paxton og Kunovich 2003; Mateo Diaz 2005) má ætla að þeir þrír meginflokkar ástæðna sem hér hefur verið fjallað um hafi einhver áhrif, þ.e. félagslegar og efnahagslegar ástæður, ástæður í sjálfu pólitíska kerfinu og menningarlegar ástæður. Þessir þættir eiga í flóknu innbyrðis samspili og ekki einfalt að leggja mat á einstaka áhrifaþætti. Í þessari grein hafa verið kynnt til sögunnar fræðileg hugtök og sjónarmið til að fjalla um þessa hluti. Leiddar hafa verið líkur að því að félagslegar og efnahagslegar skýringar séu veigaminni hérlendis en skýringar sem liggja í sjálfu stjórnmálakerfinu og í menningarlegum þáttum. Margir samverkandi þættir í stjórnmálakerfinu hafa áhrif á hlut og framgang kvenna. Kosningakerfið á Íslandi, þ.e. hlutfallskerfið, er konum almennt hagstæðara en önnur kerfi. Stofnanabundnir þættir eins og stærð kjördæma og stærð framboða hafa nokkur

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

Áhrif en veigameiri skýringar er að öllum líkindum að finna í vinnuáferðum flokkanna, flokksmenningu og hugmyndafræði. Sterk staða hægri sjónarmiða og einstaklingshyggju á Íslandi er vafalaust einn skýringarþáttur á slökum hlut kvenna. Þá hefur kvennahreyfingin á Íslandi haft afgerandi áhrif á hlut kvenna í stjórnmalum. Ljóst er að þátttaka kvenna í stjórnmalum á Íslandi tengist kvennahreyfingunni og kvennalistunum nánnum böndum. Erindi kvennalistanna í stjórnmal hefur að stórum hluta verið kvennapólitískt og haft áhrif á aðra flokka. Loks hafa menningarbundnir þættir mikil áhrif, svo sem hlutverk kynjanna almennt, ímynd stjórnmalamanna og ekki síst pólitískra leiðtoga. Karlar fá meiri umfjöllun í fjölmiðlum og konur fá tvíbent skilaboð um hlutverk sitt og erindi í stjórnmalum. Þeim er legið á hálsi fyrir að hafa ekki metnað en um leið fá þær skilaboð um að halda sig innan hæfilegra marka. Ljóst er að allir þeir þættir sem hér hefur verið fjallað um tvinnast saman á flókinn hátt. Mikilvægt er að greina einstaka þætti og áhrif þeirra, án þess að horft sé fram hjá heildarmyndinni. Allt eru þetta viðfangsefni sem bíða frekari rannsókna.

Heimildir

- Auður Styrkárdsóttir (1994). *Barátta um vald: Konur í bæjarstjórn Reykjavíkur 1908-1922*. Reykjavík: Háskóli Ísland, Háskólaútgáfan.
- Auður Styrkárdsóttir (1998). *From feminism to class politics: The rise and decline of women's politics in Reykjavík, 1908-1922*. Umeå: Umeå University, Department of Political Science.
- Auður Styrkárdsóttir og Kristín Ástgeirsdóttir (ritstj.) (2005). *Kosningaréttur kvenna 90 ára. Erindi frá málþingi 20. maí 2005*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands og Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum.
- Alþingi (2009a). „Frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.“ 136. löggjafarþing 2008-2009. Þskj. 583 – 342. mál. Sótt 24. maí 2009 af <http://www.althingi.is/altext/136/s/0583.html>.
- Alþingi (2009b). Atkvæðagreiðsla 40829, 17. apríl 2009. 136. löggjafarþing 2008-2009. 135. fundur. Þskj. 583 – 342. mál. Almenn hegningarlög (bann við kaupum á vændi). Sótt 24. maí 2009 af <http://www.althingi.is/dba-bin/atkvgr.pl?nnafnak=40829>.
- Bacchi, C. (2006). „Arguing for and against quotas. Theoretical issues“, í D. Dahlerup (ritstj.), *Women, Quotas and Politics* (bls. 32-51). London, New York: Routledge.
- Bergquist, C., Kuusipalo, J., og Styrkárdsóttir, A. (1999). „Debatten om barnomsorgspolitikken“, í C. Bergquist o.fl. (ritstj.), *Likestilte demokratier? Kjønn og politik i Norden* (bls. 129-147). Osló: Universitetsforlaget og The Nordic Council of Ministers.
- Bourque, S., og Grossholtz, J. (1998). „Politics an Unnatural Practice: Political Science Looks at Female Participation“, í A. Phillips (ritstj.), *Feminism og Politics*. Oxford, New York: Oxford University Press.
- Byerly, C.M., og Ross, K. (2006). *Women and Media: A Critical Introduction*. Oxford: Blackwell.

Stjórnmal og stjórnsýsla vef tímarit (fræðigreinar)

- Bystydzienki, J.M. (1995). *Women in Electoral Politics: Lessons from Norway*. Westport, CT: Praeger.
- Efnahagsleg völd kvenna – skýrsla nefndar um efnahagsleg völd kvenna* (2004, febrúar). Reykjavík: Forsætisráðuneytið. Sótt 8. júlí 2009 af http://www.forsætisraduneyti.is/media/Efnahasleg_vold_kvenna/EVKskýrsla.pdf.
- Eyjan* (2009). „Landsfundur Sjálfstæðisflokksins settur – ræða Geirs Haarde í beinni útsendingu“, 26. mars. Sótt 24. maí 2009 af <http://eyjan.is/blog/2009/03/26/landsfundur-sjalfstaedisflokksins-settur-raeda-geirs-haarde-i-beinni-utsendingu/>.
- Dahlerup, D. (2006). „Introduction“, í D. Dahlerup (ritstj.), *Women, Quotas and Politics* (bls. 3-31). London, New York: Routledge.
- DV (2009). „Listinn yfir styrkþega Baugs“, 22. apríl. Sótt 24. maí 2009 af <http://www.dv.is/frettir/2009/4/22/listinn-yfir-styrkthega-baug/>.
- Einhorn, B. (1993). *Cinderella Goes to Market: Citizenship, Gender and Womens Movements in East Central Europe*. London og New York: Verso.
- Erla Sigurðardóttir (2009). „Island: Kvinde som statsminister – regering med lige mange mænd og kvinder.“ NIKK nyhed. Sótt 24. maí 2009 af <http://www.nikk.uio.no/?module=Articles;action=Article.publicShow;ID=858>.
- Framsóknarflokkurinn – lög flokksins (e.d.). Heimasíða Framsóknarflokksins. Sótt 4. júlí 2009 af http://www.framsokn.is/Flokkurinn/Log_flokksins.
- Freidenvall, L., Dahlerup, D., og Skeije, H. (2006). „The Nordic Countries. An incremental model“, í D. Dahlerup (ritstj.), *Women, Quotas and Politics* (bls. 55-82). London, New York: Routledge.
- Gallagher, M. (2005). *Who makes the news? Global Media Monitoring Project 2005*. GMMP, Global Media Monitoring Project. Sótt 24. maí 2009 af http://www.whomakesthenews.org/images/stories/website/gmmp_reports/2005/gmmp-report-en-2005.pdf.
- Guðni Th. Jóhannesson (2009). *Hrunið. Ísland á barmi gjaldþrots og upplausnar*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Guðný Gústafsdóttir (2009). Vaðmál og netsokkar: Kyngervi kvenna í hnattvæddum heimi. Óbirt MA-ritgerð. Reykjavík: Stjórnmalafraeðideild Háskóla Íslands.
- Guðrún Þórhallsdóttir (2005). „Hvað mælir gegn „máli beggja kynja?““ *Skíma: mál gagn móðurmálskenmara* 2: 44-47.
- Indriði H. Indriðason og Ásdís Jóna Sigurjónsdóttir (2008). „Framboð eða eftirspurn? Árangur kvenna í prófkjörum flokkanna.“ *Stjórnmal og stjórnsýsla* 4 (2): 205-229.
- Inter-Parliamentary Union (IPU) (2009). Sótt 4. júlí 2009 af <http://www.ipu.org>.
- Kenworthy, L., og Malami, M. (1999). „Gender Inequality in Political Representation: a Worldside Comparative Analysis“. *Social Forces* 78 (1): 235-269.
- Kolbeinn H. Stefánsson (2008). „Kynhlutverk. Viðhorf til kynbundinnar verkskiptingar.“ Rannsóknarritgerðir/Working papers nr. 2 2008. Rannsóknarstöð þjóðmála, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt 21. maí 2009 af <http://www.ts.hi.is/Kynjavi%C3%B0horf%20-%20workingpaper.pdf>.
- „Konur og karlar í áhrifastöðum 2008“ (2009, 23. janúar). *Hagtíðindi – heilbrigðis-, félags- og dómsmál* 2009 (1). Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt 8. júlí 2009 af <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=9087>.
- „Konur og karlar 2004“ (2004, 11. október). *Hagtíðindi – heilbrigðis-, félags- og dómsmál*

Stjórnmal og stjórnsýsla vefþimarit (fræðigreinar)

- 2004 (2). Reykjavík: Hagstofa Íslands. Sótt 24. maí 2009 af <http://www.hagstofa.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=909>.
- Konur í vísindum á Íslandi (2002). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 24. maí 2009 af <http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/konurivisindum.pdf>.
- Kristín Jónsdóttir (2007). „*Hlustaðu á þína innri rödd.*“ *Kvennaframbod í Reykjavík og Kvenmalisti 1982-1987*. Reykjavík: Sögufélagið.
- Kristín Loftsdóttir og Helga Björnsdóttir (2005). „Í fréttum er þetta helst – myndræn og kynjuð orðræða fjölmiðla“, í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í Rannsóknir í Félagsvísindum VI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005* (bls. 283-292). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Margrét Valdimarsdóttir (2005). „Karlar og konur í íslensku sjónvarpi: Fréttir.“ Menntamálaráðuneytið. Sótt 24. maí 2009 af http://www.menntamala.raduneyti.is/media/MRN-pdf_reports/konurogkarlarfrettir2005.pdf.
- Mateo Diaz, M. (2005). *Representing Women? Female Legislators in West European Parliaments*. Colchester: ECPR Press.
- Matland, R.E. (2005). „Enhancing Women’s Political Participation: Legislative Recruitment and Electoral Systems“, í J. Ballington og A. Karam (ritstj.), *Women in Parliament: Beyond Numbers. A Revised Edition* (bls. 93-110). IDEA, International Institute for Democracy and Electoral Assistance. Stockholm. Sótt 4. júlí 2006 af http://www.idea.int/publications/wip2/upload/WiP_inlay.pdf.
- Morgunblaðið* (2007). „Mikill meirihluti vill að kaup á vændi verði refsiverð“, 30. mars.
- Morgunblaðið* (2007). „Færri konur á framboðslistum“, 21. apríl.
- Lovenduski, J. (2005). *Feminizing Politics*. Cambridge: Polity Press.
- Moore, G., og Shackman, G. (1996) „Gender and Authority: A Cross-National Study.“ *Social Science Quarterly* 77 (2): 273-288.
- Oakes, Ann og Almquist, Elizabeth (1993) „Women in national legislatures. A cross-national test of macrostructural gender theories.“ *Population Research and Policy Review* 12, 71-81.
- Ólafur Þ. Harðarson (2006). „Konur og árangur í pólitík.“ Erindi á málþingi Jafnréttisráðs um konur og stjórnmal: nýjar leiðir að stjórnmalajafnrétti. Reykjavík 24. október 2006.
- Paxton, P. (1997). „Women in National Legislatures: A Cross-National Analysis.“ *Social Science Research* 26: 442-464.
- Paxton, P., og Kunovich, S. (2003). „Women’s Political Representation: The importance of Ideology.“ *Social Forces* 82 (1): 87-114.
- Phillips, A. (2005). „Ten Years On: What, if anything, is changing as regards women’s political representation?“ Erindi á ráðstefnunni „Konur í hnattrænum heimi“ 21. október 2005 í Háskóla Íslands.
- Rósa Guðrún Erlingsdóttir (1998). „Karlstýrt lýðræði Mið austur-Evrópu.“ *Vera* 17 (6): 52-55.
- Samfylkingin (e.d.). Lög Samfylkingarinnar. Sótt 4. júlí 2009 af http://www.samfylkingin.is/Flokkurinn/Lög_Samfylkingarinnar/.
- Sainsbury, D. (1993). „The Politics of Increased Women’s Representation: The Swedish Case“, í J. Lovenduski og P. Norris (ritstj.), *Gender and Party Politics* (bls. 263-290). London: Sage.

Stjórnmál og stjórnsýsla veftímarit (fræðigreinar)

- Scott, J.W. (1996). *Only Paradoxes to Offer. French Feminists and the Rights of Man*. Cambridge, MA: Harvard University Press.
- Sigríður Th. Erlendsdóttir (1993). *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907-1992*. Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands.
- Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur – þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigríður Þorgeirsdóttir (2001). *Kvenna megin*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Stefán Ólafsson (2008). „Íslenska efnahagsundrið – frá hagsæld til frjálshyggu og fjármálahruns“, *Stjórnmál og stjórnsýsla* 4 (2): 231-256.
- Stevens, A. (2007). *Women, Power and Politics*. Hampshire and New York: Palgrave Macmillan.
- Svanur Kristjánsson og Auður Styrkársdóttir (2001). *Konur, flokkar og framboð*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Vinstri hreyfingin – grænt framboð (e.d). *Lög fyrir Vinstri breytinguna – grænt framboð*. Sótt 4. júlí 2009 af <http://www.vg.is/um-flokkinn/log/>.
- Visir.is (2009). „Þorgerður Katrín toppar Hillary í feðurð“, 26. mars. Sótt 24. maí 2009 af <http://www.visir.is/article/20090326/LIFID01/846044598>.
- Walby, S. (1997). *Theorizing Patriarchy*. Oxford UK og Cambridge USA: Blackwell.
- Teigen, M. (2002). „The Universe of Gender Quotas“, *NIKK magasin* 3 (2002): 4-8.
- Þorgerður Einarsdóttir (2002). „Jafnrétti án femínisma – pólitík án fræða?“ *Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar* 2 (2002): 9-36.
- Þorgerður Einarsdóttir (2005). „„Ekki feðurðarsamkeppni eða stjórnuleit ...“ Kynbundnar hugmyndir um stjórnmálaþátttöku, forystu og leiðtogahæfni“, í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í Rannsóknir í Félagsvísindum VI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2005* (bls. 305-321). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir (2006). „Kynjakerfið. Úrelding í auglýsingu eða viðvarandi kynjahalli?“, í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í Félagsvísindum VII. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2006* (bls. 445-456). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Þorgerður Einarsdóttir (2009). „Sjálfráða skynsemisverur á markaðstorgi frelsisins: Kynjamyndir og kyngervi nýfrjálshyggunnar.“ Erindi á ráðstefnu um íslenska þjóðfélagsfræði, Háskólanum á Akureyri 9. maí 2009.
- Þorgerður Einarsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir (2009). „Kynjamyndir nýfrjálshyggunnar“, *Fréttablaðið*, 9. febrúar, bls. 11.

